



# Umhyggja

FÉLAG TIL STUÐNINGS LANGVEIKUM BÖRNUM

**Þátttaka**

OG ÁKVÖRÐUNARRÉTTUR BARNNA  
OG UNGLINGA Í LÆKNIS-  
FRÆÐILEGUM MÁLUM

**BÖRN Á  
HESTUM**

– Þarfasti þjónninn og besti vinurinn

Fá ekki  
upplýsingar  
um fjölda axlar-  
klemmutilfella

.....

TRYGGJA ÞARF **AÐGENGILEGA** OG  
**SAMFELÐA** HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

2. TBL. 16. ÁRGANGUR 2012

JÓLAKORTIÐ HENNAR SÖRU DAGGRÓSAR / TÆPAR FIMM MILLJÓNIR FRÁ VOLARE / SÖFNUÐU FYRIR UTAN ICELAND

# AÐILDARFÉLÖG UMHYGGJU



## EFNI BLAÐSINS

2. tbl. 16. árg. 2012

4-7 BÖRNIN OG ÁKVARÐANATAKAN  
-fyrirlestur Rögnu Marinósdóttur  
á ráðstefnu í Lundi

8-9 HVAÐ ER AXLARKLEMMI?  
-Foreldrafélag barna með  
axlarklemmu kynnt

10-11 TRYGGJA ÞARF AÐGENGILEGA OG  
SAMFELLD A HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU  
-Elisabet Konráðsdóttir, sérfræðingur  
í barnahjúkrun

12-14 HESTURINN ER ÞARFASTI  
ÞJÓNNINN OG BESTI VINURINN

16-17 MIÐSTÖÐIN SEM  
ÞJÓÐIN GAF

19 VOR OG HAUST Í  
BREKKUSKÓGI

### AHC samtökin

Formaður: Sigurður Hómar Jóhannesson.  
Símar: 8989097/6974550.  
Netfang: sivira@internet.is]  
Vefsíða: www.achc.is

### Barnageð, félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga

Formaður: Margrét Ómarsdóttir.  
Sími: 695 5200.  
Netfang: barnageð@barnageð.is  
Vefsíða: www.barnageð.is

### Barnahópur Gigtarfélagsins

Formaður: Linda B. Bragadóttir.  
Sími: 568 7693. GSM: 863 1861.  
Netfang: lbb@simnet.is  
Varaformaður: Fríða Kristín Magnúsdóttir.  
Sími: 6974453  
Netfang: fridakm@hotmail.com

### Breið bros - samtök aðstandenda barna fædd með skarð í vör og góm

Formaður: Ólafur Jónsson.  
Sími: 564 2296.  
Netfang: olafur.jnsn@gmail.com  
Vefsíða: www.breidbros.is

### Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki

Formaður: Hálfðán Þorsteinsson.  
Sími: 897 4245.  
Netfang: halfdan@setbergsskóli.is  
Vefsíða: www.dropinn.is

### Einstök börn - félag til stuðnings börnum með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma

Sími: 568 2661. GSM: 699 2661.  
Starfsmaður á skrifstofu: Hörður  
Björgvinsson.  
Formaður: Guðmundur Björgvin Gylfason.  
Sími: 482 3031. GSM: 698 3031.  
Netfang: einstokborn@einstokborn.is  
Vefsíða: www.einstokborn.is

### Foreldradeild Blindrafélagsins

Formaður: Páll Guðbrandsson.  
Sími: 894 1617.  
Netfang: pgudbrands@gmail.com  
Vefsíða: www.blindborn.is

### Foreldrafélag barna með axlarklemmu

Formaður: Sigrún Jóna Sigmarsdóttir.  
Sími: 481 2857. GSM: 698 2857.  
Netfang: siggisigrun@internet.is  
Vefsíða: www.axlarklemma.is

### Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra

Formaður: Björg Hafsteinsdóttir.  
Sími: 899 6490.  
Netfang: bjorgh@simnet.is  
Vefsíða: www.fsfh.is

### Hetjurnar - félag aðstandenda langveikra barna á Norðurlandi

Formaður: Helen Sif Jónsdóttir.  
Sími: 868 7410.  
Netfang: hetjurnar@simnet.is  
Vefsíða: www.hetjurnar.is

### Lauf - Félag flogaveikra barna um flogaveiki

Sími: 551 4570.  
Formaður: Brynhildur Arthúrsdóttir.  
Sími: 864 8049.  
Netfang: budagerdi@reykjavik.is  
Netfang: lauf@vortex.is  
Vefsíða: www.lauf.is

### Lind - félag um meðfædda ónæmisgalla

Formaður: Guðlaug María Bjarnadóttir.  
Sími: 552 7082. GSM: 698 8806.  
Netfang: gmb@bhs.is  
Netfang: lind@onaemisgallar.is  
Vefsíða: www.onaemisgallar.is

### Neistinn - styrktarfélag hjartveikra barna

Sími: 552 5744. Fax: 562 9150.  
GSM: 899 1823.  
Formaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.  
Sími: 557 5629. GSM: 690 4027.  
Netfang: gudrun@hjataheill.is  
Netfang: neistinn@neistinn.is  
Vefsíða: www.neistinn.is

### Perthes

Sími: 552 4242  
Vefsíða: www.internet.is/annaz/perthes

### PKU félagið á Íslandi, félag um arfgenga efnaskiptagalla

Formaður: Steingrímur Ægisson.  
Sími: 565 8238. GSM: 897 6688.  
Netfang: steingrimur@samkeppni.is  
Netfang: stjorn@pku.is  
Vefsíða: www.pku.is

### SKB - Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna

Sími: 588 7555. Fax: 588 7272.  
Framkvæmdarstjóri:  
Óskar Örn Guðbrandsson.  
Sími (vinna): 588 7555, GSM: 897 8974.  
Netfang: oskar@skb.is  
Formaður: Rósa Guðbjartsdóttir.  
GSM: 6645558.  
Netfang: rosa@hafnarfjordur.is  
Netfang: skb@skb.is  
Vefsíða: www.skb.is

### Spegillinn - Hagsmuna-, forvarnar- og fræðslusamtök um átröskunar-sjúk-dóm-ana anorexiu og bulemiu nervosa

Formaður: Katrín Sif Sigurgeirsdóttir.  
Varaformaður: Kolbrún Marelsdóttir.  
Sími: 895 7892.  
Vefsíða: www.spegillinn.is

### Tourette-samtökin á Íslandi

Sími: 840 2210.  
Formaður: Arna Garðarsdóttir  
Sími: 694 4824  
Netfang: arnagard85@gmail.com  
Netfang: tourette@tourette.is  
Vefsíða: www.tourette.is

# LJÓSIN GLEÐJA

**N**ú hvílir svartasta skammdegið yfir landi og þjóð. Það birtir seint og dimmir snemma! Aðventan, aðdragandi jóllanna, jólin, áramótin og nýárið færa okkur þó gleði og lýsa upp dimmstu dagana. Sem betur fer er farið að kveikja jóllljósin fyrir en áður og sumir leyfa þeim að loga langt fram eftir vetri. Ljósadýrðin gleður okkur öll og áreiðanlega ekki síst þá sem minna mega sín, þá sem ekki ganga heilir til skógar og þurfa enn frekar á uppörvun að halda en við hin sem eigum að teljast heilbrigð.

Umhyggjublaðið færir lesendum sínum ýmislegt efni, sumt ögn dapurlegt eins og lýsing Rögnu Marinósdóttur á því hve erfið ákvarðanatöku foreldra verður þegar börn þeirra eru orðin mikið veik. Öðru efni blaðsins fylgja myndir af brosandum börnum sem njóta þess að fara á hestbak, læra að sitja hest, sinna honum, kemma hann og strjúka honum, finna hvernig þau ná sambandi við þetta stóra og sterka dýr. Fjöldmörg börn hafa fengið tækifæri til að fara á reiðnámskeið og gleðin skín úr andlitunum eins og best sést á myndunum.

Víðar má sjá bros á andlitum. Jólakortastúlkan okkar hún Sara Dagrós brosir breytt þar sem hún veður upp fyrir

ökklakamt frá Drastarlundi í sumar. Við vitum ekki hvort hún var búin að teikna jólakort Umhyggju þegar myndin var tekin en hún vissi áreiðanlega ekki þá að hennar kort yrði valið jólakort ársins í ár. Hún brosti samt sínu breiðasta brosi.

Litli axlarklemmudrengurinn Barki Steinn brosir út í bæði þótt hann sé nýkominn úr aðgerð úti í London, með gifs frá nára upp í handarkrika og það sem meira er, mamma hans brosir líka. Sér áreiðanlega fram á bjartari framtíð sonarins.

Það er bros á vörum flestra ef ekki allra sem myndir birtast af í Umhyggjublaðinu og við vonum að það eigi eftir að færa ykkur fróðleik og ánægju í skammdeginu. Setjist með það við upplýst jólatréð ef það stendur enn upp í stofunni eða kveikið á kerti og lesið um alla þá sem hafa lagt Umhyggju lið á liðnu ári. Deim þurfum við sérstaklega að þakka því án þess mikla stuðnings sem Umhyggja nýtur meðal smárra og stórra, tombólukrakkanna og hinna sem meira geta lagt af mörkum við fjáröflunina, og láta síðan fé af hendi rakna, gæti Umhyggja ekki stutt eins vel og raun ber vitni við bakið á þeim sem þurfandi eru.

Megi ljós jóllanna og ljósin sem halda áfram að skína eftir jólin færa ykkur gleði þar til sólin hækkar aftur á lofti og við getum öll gleymt myrkrinu þar til næsta vetur.

**Fríða Björnsdóttir**  
ritstjóri Umhyggjublaðsins

2. tbl. 16. árg. 2012

## JÓLAKORTIÐ HENNAR SÖRU DAGGRÓSAR



**L**itla jólakortabarnið okkar í ár heitir Sara Dagrós Jóhannesdóttir. Sara er ekki nema 7 ára gömul en er þrátt fyrir það heilmikill teiknari og hefur haft gaman af að teikna frá því hún var þínulitil. „Hún er líka ótrúlega vandvirk þegar hún teiknar,“ segir Thelma Dögg Ragnarsdóttir, mamma hennar, og bætir við að hún hafi meira að segja verið farin að teikna augnhár á andlitin sem hún teiknaði strax þegar hún var í leikskóla. Sara lagðist inn á Barnaspítalann í vetur og fór þangað aftur í eftirlit í sumar. Þar sem hún hafði kynnst leikskólanum á meðan hún var inni á spítalanum sleppir hún því aldrei að fara þangað í heimsókn ef hún kemur á spítalann, þótt í stutta

heimsókn sé. Það var sem sagt í slíkri heimsókn í sumar sem Sara teiknaði jólasveininn sem að þessu sinni prýðir jólakort Umhyggju. Við þökkum henni framlag hennar en jólakortið á áreiðanlega eftir að færa mörgum jólaóskir á jónunum 2012.



Jólakortið hennar Söru Dagrósar

### TÍMARIT UMHYGGJU

Útgefandi: Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum. Framkvæmdastjóri Umhyggju og ábyrgðarmaður blaðsins: Ragna K. Marinósdóttir Stjórn Umhyggju: Leifur Bárðarson formaður, Guðni Hreinsson varaformaður, Hákon Hákonarson gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir ritari, Sigrún Þóroddsdóttir, Bryndís Torfadóttir og Hálf dán Þorsteinsson meðstjórnendur. Ritnefnd: Ragna K. Marinósdóttir, Bryndís Torfadóttir, Hálf dán Þorsteinsson og Sigrún Þóroddsdóttir. Ritstjóri: Fríða Björnsdóttir (fridabjornsdottir@gmail.com) Auglýsingar: Markaðsmenn

Prentun: Litlaprent Skrifstofa Umhyggju er að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík; Sími 552 4242; Fax 588 9272; GSM 863 4243 Netfang: umhyggja@umhyggja.is; Heimasíða: www.umhyggja.is



Jónatan Grétarsson ljósmyndari brá sér á hestanámskeið hjá Hestamennt og tók þessa fallegu forsiðumynd af Aaróni Jens Shakoru 12 ára. Það er merin Framtíð sem ber hann stolt um reiðhöllina.

Óheimilt er að nota efni úr blaðinu nema heimildir sé getið.



# BÖRNIN OG ÁKVARÐANATAKAN

NORRÆN SIÐANEFND UM BIOETHICS [WWW.NCBIO.ORG](http://WWW.NCBIO.ORG) HÉLT RÁÐSTEFNU Í LUNDI 11.-12. OKTÓBER 2012.

Yfirskrift ráðstefnunnar var Children's Participation and Decision Making in Medical Matters

Á íslensku: Þátttaka og ákvörðunarréttur barna og unglunga í læknisfræðilegum málum.

Spurningar sem rætt var um voru meðal annars:

- Hver ákveður fyrir börnin og við hvaða aðstæður?
- Hvernig eiga börn að koma að ákvörðunum um heilsufarsleg málefni?
- Hvaða tillit á að taka til skoðana barnanna?
- Hver ákveður þátttöku barna í læknisfræðilegum rannsóknum?
- Þarf sérstakar siðanefndir fyrir rannsóknir í barnalækningum?

Þátttakendur voru frá öllum Norðurlöndunum og voru þeir bæði heilbrigðismenntaðir og löglærðir auk siðfræðinga.

Mörg áhugaverð erindi voru flutt á ráðstefnunni. Ragna Marinósdóttir, fram-

kvæmdastjóri Umhyggju, flutti mjög gott og áhrifaríkt erindi um hvernig er að vera foreldri langveiks barns og talaði einnig um þátttöku barnsins/unglingsins í því þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir.

Ragna sagði í upphafi að hún héldi að menn gætu verið sammála um að þessi

mál væru mjög erfið og flókin og bætti við að í fyrirlestrinum mundi hún aðallega tala út frá eigin reynslu. Í starfi sínu sem framkvæmdastjóri samtaka fyrir langveik börn hefur hún verið í miklum samskiptum við foreldra langveikra barna og vonar að hún geti veitt örlitla innsýn í líf

þessara fjölskyldna. Hana langar að segja stuttlega frá sér og fjölskyldu sinni.

„Ég er móðir þriggja barna sem öll eiga við veikindi að stríða. Synir mínir eru fæddir '75 og '79 og dóttirin fædd '86. Synirnir eru fæddir með Duchenne Muscular dystrophy sem er arfgengur og ólæknandi sjúkdómur og voru báðir greindir 1980. Dóttir mín, sem er arfberi eins og ég sjálf, hefur ekki farið varhluta af heilsubresti undanfarin ár. Hún er m.a. greind með hjartavöðvasjúkdóminn cardiomyopathy sem tengist sjúkdómi bræðra hennar. Mikið og erfitt ofnæmi hefur þjád hana og nú síðast greindist hún með liðagigt. Eins og hún segir sjálf: „Þið hafið ekkert vandað til verksins þegar þið bjuggu mig til.“ Hún er 26 ára gömul, með meistarágráðu í viðskiptafræði og útskrifast sem hjúkrunarfræðingur á næsta ári. Eldri sonur minn var í efnafræði við Háskóla Íslands en varð að hætta námi vegna veikinda sinna. Hann er 38 ára og mikill sjúklingur. Hann verður að lifa lífinu með hjálp öndunarvélar og þarfnast aðstoðar við alla hluti. Hann er með notendastýrða þjónustu sem íslenska ríkið greiðir en heldur sjálfur utan um alla starfsemina og starfsmannahaldið. Í lok árs 1993 lést yngri sonur minn af völdum sjúkdóms síns, þá 13 ára gamall.“

## FYRIRLESTUR RÖGNU

### HEIMUR SEM ENGINN VILL BÚA Í

Að eignast langveikt barn með alvarlegan og ólæknandi sjúkdóm sem ágerist og versnar með hverjum mánuðinum sem líður setur líf manns í ótrúlega stöðu. Allt breytist og engin leið er að gera nokkur plön um framtíðina. Lífið allt fer að snúast eingöngu um barnið, að því líði sem best á hverjum tíma. Oft er það bara einn dagur í senn sem maður hefur. Skyndilega ertu komin í heim sem þú hefur aldrei séð, nánast ekkert vitað um, heim sem enginn vill búa í. Einföldustu mál verða oft mjög flókin. Í upphafi við slíka greiningu veit maður ekki einu sinni hvar maður á að byrja eða að hverju á að spyrja. Að horfa á litla barnið sitt byrja að brosa, ganga, tala, þroskast og öðlast ýmsa færni, sem við öll gerum ráð fyrir að börnin okkar geri, fyllti hug okkar af ólýsanlegri gleði. Það verður mikil sorg í hjörtum þegar í ljós kemur að barnið er alvarlega veikt. Það er í raun aldrei hægt að sætta sig við þá staðreynd að barnið manns sé með ólæknandi sjúkdóm. Dessi staðreynd, að það sé engin von um lækn-

ingu, er mesta skelfing sem nokkurt foreldri upplifir. Það er mjög sársaukafullt að sjá börnin sín missa af mörgu því sem lífið hefur upp á að bjóða og geta ekki tekið þátt. Stór hluti af lífi foreldra sem eiga börn með alvarlegan sjúkdóm fer í að hugsa um heilsufar þeirra og líðan. Þess vegna er mjög mikilvægt að alltaf sé greiður aðgangur að fagfólki sem getur svarað flóknum og erfiðum spurningum. Foreldrar sem eru í þessari stöðu komast ekki af án fagfólks. Ég hef verið í miklum samskiptum við fagfólk mörg undanfarin ár og hefði ekki getað verið án þess.

### Dung loforð sem komið var að því að efna

Faðir nokkur, sem ég var í miklum samskiptum við, missti son sinn fyrir nokkrum árum. Langveigur og fjölfatlaður eins og hann var hafði hann enga möguleika á því að tjá sig sjálfur og þá ekki heldur nokkra möguleika á að vera virkur aðili að eigin meðferð. Ári áður hafði fjölskyldan látið skrá það í gögn spítalans að þau vildu ekki endurlífingun (DNR – do not resuscitate). Síðustu vikur lífsins var drengurinn mikið veikur og í lífshættu. Veikindin ágerðust, meðferðin var margþætt og drengurinn var ekki alltaf með meðvitund. Faðirinn ræddi við lækna og sá að svipurinn á þeim var ekki bjartur, en ekki var sagt berum orðum að meðferðin virkaði ekki. Hann var hræddur, kvíðinn og sorgmæddur en sú hugsun var farin að verða sterk að þessu þyrfti að fara að ljúka. Faðirinn hafði oft heitið syni sínum því að hann myndi gera allt til þess að hann kveldist ekki að óþörfu og líf hans yrði ekki framlengt til þess eins að halda áfram. Þetta voru þung loforð sem nú var komið að því að efna. Eina nóttina ræddi hann við lækningu um hvort ekki væri nóg komið. Læknirinn var sammála því að drengnum færi ekki fram og að hætta ætti virkri meðferð. Þá var skráð fyrir súrefni og slökkt á lyfjadælu. Drengurinn lést þrem dögum síðar. Eftir að drengurinn dó átti faðirinn mjög erfitt og leið gríðarlega illa. Hann velti fyrir sér hvort hann hefði gert rétt með því að ýta undir að virkri meðferð yrði hætt og hver hans þáttur hefði verið í þeirri ákvörðun. Var það óeigingjörn ást sem vildi ekki framlengja líf í kvöl eða vildi hann enda eitt-hvað sem í var orðið óbærilegt fyrir hann sjálfan? Eftir andlátíð fékk faðirinn fund með sérfræðingum spítalans, sem höfðu séð um son hans, til að ræða um efa sinn og ótta og fara yfir það hver tók ákvörð-

## EINS OG HÚN SEGIR SJÁLF: „ÞIÐ HAFIÐ EKKERT VANDAÐ TIL VERKSINS ÞEGAR ÞIÐ BJUGGU MIG TIL.“

unina og á hvaða grunni var ákveðið að hætta meðferð. Honum létti þegar honum var sagt að sjálf ákvörðunin um að stöðva virka meðferð hefði verið byggð á læknisfræðilegu mati á því að óeðlilegt væri að halda úti meðferð sem í besta falli væri gagnslaus og í versta falli framlengdi óhjákvæmilega kvöl og vont líf. Hins vegar hefði það verið læknumum léttir að hann sem faðir drengsins væri sjálfur kominn á þann stað að nóg væri nóg.

Að þurfa að taka slíka ákvörðun um barnið sitt er nánast ekki í mannlegu valdi. Í þessu tilviki er þessi stóra ákvörðun tekin um miðja nótt eftir að faðirinn segir þessi orð upphátt í fyrsta skipti. Vegna þess hve hratt þetta gerist finnst föðurnum að hann setji ferlið af stað. Ef til vill hefði þurft að bíða til morguns og halda fund með nánustu aðstandendum og gera öllum ljóst að læknisfræðilega væri ekki hægt að gera meira.

### Sérfræðingarnir verða að upplýsa okkur

Þegar um læknisfræðileg álitamál er að ræða getur oft verið erfitt fyrir okkur foreldrana að veita og meta hvað okkur finnst. Þá eru það sérfræðingarnir sem verða að upplýsa okkur um kosti og galla. Þegar eldri sonur minn var unglingur vorum við hjónin á fundi með nokkrum sérfræðingum. Þar var rætt um að hann yrði að sofa með öndunarvél sem kallast BiPAP, sem ég geri ráð fyrir að mörg ykkar þekki. Lífsgæðin verða betri hjá þeim sem nota slíka vél. Á þessum tíma var búið að prófa svona vélar, aðallega úti í heimi, og höfðu þær sýnt ágætan árangur í meðferð drengja með Duchenne muscular dystrophy. Sonur okkar hafði prófað slíka vél en ekki gengið. Við foreldrarnir vorum því ekki alveg viss um að þetta væri það rétta, sérstaklega með það í huga að í umræðum við son okkar hafði hann óbeint sagt okkur að hann vildi ekki vera háður vélum. Einn sérfræð-

ingurinn lagði mjög hart að okkur að fá drenginn til að nota vélina. Ég var ekki alveg sammála honum og þá sagði hann setningu sem ég vona að enginn sérfræðingur muni endurtaka við foreldra. Hann sagði: „Þið verðið að segja drengnum að ef hann fer ekki í þessa vél getur hann dáið.“ Þá leit ég á hina sjö sérfræðingana og spurði hvort þeir væru sammála. Það kom ekkert svar fyrr en ég spurði félagsráðgjafann sem sagði lágróma: „Já ég held það.“

Við neituðum algjörlega að ræða við drenginn með svona hótunum. En þarna var búið að planta þessum orðum í hug okkar. Hvers konar foreldrar erum við eiginlega að vilja ekki þessa vél? Við verðum með einhverju móti að fá strákinn til þess að fara í vélina. Ef það er eitthvað sem foreldrar geta gert til að lengja líf barna sinna, þá er það reynt með öllum ráðum þó svo að í því leynist ákveðin eigingjarni okkar, í sumum tilfellum. Niðurstaða fundarins var sú að við myndum reyna að fá strákinn til að prófa vélina. Samviska okkar bauð ekki upp á annað eftir þessi stóru orð. Eftir nokkrar fortölur samþykkti sonur okkar að prófa vélina. Hann prófaði vélina eingöngu fyrir okkur, ekki fyrir sig.

#### Gat ekki notað vélina

Næsta morgun komu feðgarnir heim úrvinda og algjörlega svefnlausir. Þetta gekk ekki upp, hann gat ekki notað vélina. Þá var ákveðið að bíða á nokkrar vikur og skyldi þá prófa heima hjá okkur, í réttu umhverfi. Í tvær nætur var reynt en allt kom fyrir ekki. Hann gat ekki notað vélina.

**„ÞIÐ VERÐIÐ AÐ SEGJA DRENGNUM AÐ EF HANN FER EKKI Í ÞESSA VÉL GETUR HANN DÁIÐ.“ ÞÁ LEIT ÉG Á HINA SJÖ SÉRFRÆÐINGANA OG SPURÐI HVORT ÞEIR VÆRU SAMMÁLA.“**



Ragna í ræðustólnum í Lundi.

Það varð fátt um svör hjá sérfræðingunum. „Öndunin hans er bara svona góð,“ var sagt við okkur. Þetta voru erfiðar tilfinningar sem við þurftum að eiga við. Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda ef ég hefði sagt syni mínum að hann myndi deyja ef hann notaði ekki vélina þar sem í ljós kom að hann þurfti ekki á henni að halda. Eftir allar þessar tilraunir sagðist hann aldrei vilja prófa vélina aftur.

Nokkrum árum síðar veiktist sonur okkar mjög alvarlega vegna mikils koldfoxíðs í blóði og féll hann í coma. Þá sagði læknirinn okkur að blóðið hreinsaðist ekki hjá honum og lítið væri hægt að gera annað en að prófa BiPAP vélina aftur og sjá hvort honum myndi líða betur. Við foreldrararnir litum hvort á annað og hugsuðum strax það sama. Hann vill enga vél. Þegar við vorum búin að sitja hjá honum og fylgjast með hvernig honum leið, tókum við ákvörðun. Við vildum að hann reyndi aftur. Hringt var í sérfræðing sem kom með vélina en ef sonur minn gæti svarað því að hann vildi ekki vélina yrði að virða það algjörlega. Hann opnaði augun og samþykkti að prófa vélina. Eftir um það bil 25 sekúndur var hann sofnaður og vaknaði ekki fyrr en eftir marga klukkutíma, mun hressari. Þegar spítalavistinni lauk og við gátum farið heim tókum við eftir því að sonur okkar var nokkuð þungur, eins og honum liði ekki vel. Að endingu spurðum við hann hvort hann væri óánægður með að við skyldum taka þessa ákvörðun um vélina. Hann neitaði því, en ítrekaði við okkur að hann myndi ekki vilja lifa við fleiri slöngur og

vélur en þessa. Við höfum getað staðið við það.

#### Sérfræðingurinn olli miklum skaða

Þegar við stóðum frammi fyrir þessari ákvörðun vorum við þakklát læknum okkar fyrir það hvernig hann hjálpaði okkur og studdi, eins og hann gerði ætíð. Í þessari atburðarás hefur hinn ágengi sérfræðingur valdið miklum skaða með orðum sínum. Í fyrsta lagi að biðja okkur um að segja drengnum að hann muni deyja ef hann samþykki ekki vélina og búa til samviskubit í okkar huga. Í öðru lagi var drengurinn búinn að prófa vélina svo oft án þess að þörf væri á að hann sagðist aldrei vilja prófa hana aftur. Ef ekki hefði verið búið að þrýsta svona mikið á hann og okkur, hefði ákvörðunin í seinna skiptið ekki orðið jafn erfið og hún var. Við verðum að geta treyst fagfólki fyrir því að allt sem gert er sé barninu fyrir bestu, að því sé sýnd tilhlýðileg virðing og að þarfir þess og óskir séu virtar. Foreldrar sem lifa við slíkar aðstæður eða svipaðar þurfa mjög mikið á góðu fagfólki að halda. Það er fagfólkið sem hefur þekkinguna og reynsluna og getur stutt við foreldrana og hjálpað þeim við ákvörðunartökuna.

Ég kalla það að vera með „úlfinn í maganum“ þegar kvíðinn og áhyggjurnar eru að yfirbuga okkur vegna líðan barna okkar og við vitum ekki hvort tíminn er að hlaupa frá okkur – kemst hann yfir þetta núna? Erum við í stakk búin til að taka erfiðar ákvarðanir við þessar kringumstæður? Ég efast um að nokkur sé það en

við gerum það samt. Það er ekkert val, það verður að taka ákvörðun. Margir foreldrar eru sterkir og geta stutt börn sín vel og dyggilega og hjálpað þeim í gegnum mikla erfileika ásamt því að halda vel utan um sjálf sig og hafa góða sýn á allar aðstæður. Langveik börn með alvarlega og langvinna sjúkdóma hafa oft ótrúlega sýn á allt sem gerist í kringum þau hvað varðar sjúkdóm þeirra, batahorfur og ástand. Mörg þeirra geta oft tekið ótrúlegar ákvarðanir, jafnvel á undan okkur. Þess vegna þarf að gefa þeim tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum þegar þau hafa þroska til. En ef þeim líður mjög illa tel ég að þau geti ekki með neinu móti komist með hugann á neinn annan stað en að láta sársaukann hverfa. Þegar yngri sonur minn lést var honum búið að líða svo illa að hann bað um að deyja.

### Fagfólkið verður að vera hreinskilið

Í starfi mínu hef ég stundum hugsað um þá foreldra sem hafa lítinn stuðning frá fjölskyldu sinni og lélegan bakgrunn, lenda í svipuðum aðstæðum og hér hefur verið lýst og eru ekki sterkir. Þar hef ég miklar áhyggjur þegar kemur að ákvörðunartöku. Þá verður fagfólkið að vera hreinskilið, bera fulla virðingu fyrir öllum

um sitt eigið líf. Honum var bent á af sérfræðingi sínum að best væri fyrir hann að nota tracheostomy. Hann hefur alltaf notað nasal mask, og gerir en. Sérfræðingurinn sagði að allir með svona vélar notuðu tracheostomy. Sérfræðingurinn tók það sérstaklega fram við hann að það væri svo huggulegt og elegant að hafa tracheostomy og hálsklút yfir, þá sæi enginn annað en þarna færi ungur maður á hjólastól með fínt hálstau. Þá svaraði

**„SÉRFRÆÐINGAR VERÐA AÐ FARA VARLEGA Í AÐ ALHÆFA UM AÐGERÐIR EÐA MEÐFERÐIR ÁN ÞESS AÐ VERA BÚNIR AÐ KYNNA SÉR NÝJUSTU UPPLÝSINGAR.“**

enn með tracheostomy. Sérfræðingar verða að fara varlega í að alhæfa um aðgerðir eða meðferðir án þess að vera búnir að kynna sér nýjustu upplýsingar. Þetta er í annað skiptið sem fjölskylda mín lendir í því að þurfa að finna nýjustu upplýsingar fyrir sérfræðinginn. Það er mjög slæmt að læknar skuli hvetja fólk til að fara í óþarfa aðgerðir sem ekki eru sjúklingnum til góða.

Þessari spurningu um ákvörðunarréttinn verður aldrei hægt að svara til fulls, enda á það ekki að vera þannig. Þessi mál eiga að vera í sífellndri umræðu og fagfólk á ávallt að reyna að bæta þann stuðning sem það veitir sjúklingum og aðstandendum. Dótt það kosti meiri tíma og vinnu er ómetanlegt ef svo vel tekst til að fólk líður ekki illa í mörg ár vegna ákvörðunar sinnar.

### Vitneskja sonarins ómetanleg

Að síðustu langar mig að þakka syni mínum fyrir hans framlag til þessa fyrirlesturs. Það var ómetanlegt að hafa hann nálægt með alla sína vitneskju. Líf hans hefur ekki verið auðvelt, vonbrigðin hafa verið mikil og það er erfitt hlutskipti að vera með líkama sem hlýðir ekki. Hann hefur með ótrúlegum hætti tekist á við sjúkdóm sinn og allt það sem honum



Ásgeir Haraldsson og Sigrún Þóroddsdóttir sóttu ráðstefnuna í Lundi.

Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir og Salvör Nordal á ráðstefnunni í Lundi.

sjónarmiðum og reyna að styðja við fjölskylduna af öllum mætti. Allar ákvarðanir eða ráðstafanir er varða börn eiga að byggja á því sem börnum er fyrir bestu.

Máttur sérfræðinga er mikill og við þurfum öll á þeim að halda, en hafa þeir alltaf rétt fyrir sér? Þegar ástand sonar míns fór að versna, og það kom að því að hann þurfti að skipta úr BiPaP í hefðbundna öndunarvél, hófst hjá okkur aðeins öðruvísi ferli í samskiptum við fagfólk um ákvarðanir. Þá var hann sjálfur orðinn fullorðinn og hafði allar forsendur og þekkingu á lífi sínu til að ákveða allt

ungi maðurinn: „Jaaá, en ég er nú vanur því að fólk horfi á mig, ég ætla aðeins að skoða málið áður en ég tek ákvörðun.“ Þá var gott að hafa netið. Allar helstu síður um sjúkdóminn á netinu sögðu það sama. Sjúklingar með þennan sjúkdóm voru ekki lengur látnir nota tracheostomy nema það væri algjörlega nauðsynlegt. Líflíkur sjúklinga með sama sjúkdóm og hann og sem nota tracheostomy eru umtalsvert lakari en þeirra sem nota nasal mask, sérstaklega vegna sýkingarhættu. Lækninum voru sendar þessa nýjustu upplýsingar en samt kom hann ári síðar og mælti

fyglir. Hann segir sjálfur: „Ef ég hefði mátt ráða hefði ég ekki valið að vera með þennan sjúkdóm. Ég hefði valið að fæðast heilbrigður.“

Þegar ég ræði við hann um lok lífsins, hans eigið líf, undrast ég alltaf styrk hans. Auðvitað er þetta umræða sem ekkert foreldri ætti að þurfa að fara í gegnum. En það er skylda mín og annarra sem annast hann að sýna, ja allavega sama styrk og virða óskir hans. Eitt af því sem ég er hræddust við að þurfa að efna.

# FORELDRAFÉLAG BARNNA MEÐ AXLARKLEMMU

FÆR EKKI UPPLÝSINGAR UM FJÖLDA AXLARKLEMMUTILFELLA



Sigrún Jóna Sigmarsdóttir, formaður Foreldrafélags barna með axlarklemmu.

**A**ðildarfélag Umhyggju eru tæplega 20. Mörg þeirra eru vel þekkt en af öðrum höfum við minna heyrt. Eitt þeirra er Foreldrafélag barna með axlarklemmu en að þessu sinni ætlum við einmitt að kynna það fyrir lesendum blaðsins. Foreldrafélag barna með

axlarklemmu var stofnað árið 1996 og núverandi formaður þess er Sigrún Jóna Sigmarsdóttir. Við leituðum til hennar um upplýsingar um félagið og starfsemi þess. „Félagið hefur að mestu leyti legið í dvala að undanfögnu en ég er samt alltaf á vaktinni ef upp koma tilfelli þar sem fólk þarf á hjálp að halda,“ segir Sigrún Jóna. „Þar sem við fáum ekki aðgang að skrá Landspítala - háskólasjúkrahúss vitum við ekki um fjölda þeirra sem gætu verið félagar hjá okkur. Spítalinn er ekki skyldugur til að gefa upplýsingar um þau axlarklemmutilfelli sem koma upp og þar af leiðandi vitum við ekki hvað margir eru með axlarklemmu hér á landi.“

## Heimasíða og fésbókarsíða

Drátt fyrir þessa annmarka hefur félagið reynt að koma upplýsingum til fólks sem kann að hafa þörf fyrir aðstoð og upplýsingar og Sigrún Jóna segir að meðal annars hafi verið gefnir út bæklingar sem liggja frammi á öllum spítölum. Þar að auki er félagið með heimasíðu, [www.axlarklemma.is](http://www.axlarklemma.is) og einnig með fésbókarsíðu sem finna má með því að slá inn leitarorðið Foreldrafélag barna með axlar-

klemmu. Degar rennt er yfir sumt af því sem þar stendur og sent hefur verið inn á síðuna kemur í ljós að ýmsir hafa orðið fyrir því að upplifa axlarklemmu við fæðingu barna sinna án þess að hafa mikið eða nokkuð vitað um axlarklemmu. Þeir eru þakklátir fyrir að hafa rekist á fésbókarsíðuna sem og á heimasíðuna [www.axlarklemma.is](http://www.axlarklemma.is) þar sem þeir hafa getað leitað sér að gagnlegum upplýsingum.

Sigrún Jóna segir okkur að hún hafi verið formaður félagsins frá 2005 en með henni í stjórn eru Íris Sigurðardóttir og Selma Karlsdóttir. Og Sigrún Jóna bætir við: „Við í félaginu erum nokkurs konar stuðningsaðilar fyrir foreldra barna sem fæðast með axlarklemmu. Við hjálpum foreldrunum að sækja um umönnunarkort og sjúklingatryggingu en það eru bætur fyrir tjónþolann (barnið) sem hefur orðið fyrir því að lenda í axlarklemmu við fæðingu. Barnið fer í mat þegar það er orðið nokkurra ára gamalt, t.d. fór sonur minn í slíka greiningu þegar hann var fjögurra ára. Þá er skaðinn metinn en við getum líka aðstoðað foreldrana við að ná sambandi við lækna og sérþjálfað starfsfólk í þessari grein.“ fb

## HVAÐ ER AXLARKLEMMU?

Axlarklemma er alvarlegt bráðatilvik í fæðingu, það stendur á öxlum eftir að höfuðið er fætt og barnið situr fast. Skiptar skoðanir eru á því hvort hægt sé að fyrirbyggja eða sjá fyrir axlarklemmu í fæðingu en þó er vitað að ýmis teikn geta verið fyrirboði um axlarklemmufæðingu.

### Áhættuþættirnir eru meðal annarra:

- Grunur um þungbura (4000 g eða meira)
- Móðir þyngist mikið á meðgöngu eða er yfir kjörþyngd
- Sykursýki móður

- Lágvaxin og/eða smágerð móðir
- Legbotn (fundal) mælist hár
- Síðburafæðing
- Langdregið annað stig fæðingar
- Axlarklemma í fyrri fæðingu
- Flatt/afbrigðilegt lífbein eða þröng grind.

Mikilvægt er að hafa í huga að þó að einhverjir áhættuþættir séu til staðar þá er það alls ekki ávísun á axlarklemmufæðingu. Hins vegar auka þessir þættir hættuna á tilvikinu umtalsvert, það hafa ótalmargar rannsóknir sýnt fram á. Einnig er til í dæminu að konur hafi lent í axlarklemmufæðingu þó að engir áhættuþættir hafi verið til staðar. Í þeim tilvikum er að sjálfsgöðu ekkert hægt að gera neitt fyrirbyggjandi. Heyrst hefur af börnum



Bjarki Steinn, sonur Sigrúnar Jónu, eftir aðgerð í London. Þar var hann settur í gifs frá nára upp að handarkrika og var þannig í átta vikur. Það var erfitt að vera með hann svona en hann var aftur á móti mjög duglegur og vandist þessu fljótt. Hann t.d. skreið á rassinum og lyfti húsgögnum með annarri hendinni.



sem hafa fengið axlarklemmuskaða í móðurkviði (á meðgöngu) en það er mjög sjaldgæft og erfitt að sanna hvenær skaðinn varð. Axlarklemmuskaðar hafa líka orðið við keisaraskurði en það er einnig frekar sjaldgæft. Einhverjir læknar halda því fram að tíðni axlarklemmufæðinga fari vaxandi og helst það þá í hendur við aukna fæðingarþyngd barna, enda eru íslenskar konur ofarlega á lista þegar kemur að fæðingarþyngd barna þeirra.

### Ein versta martröð fæðingarlækna og ljósmæðra

Tilvikid í fæðingunni kallast axlarklemma vegna þess að það er einmitt það sem gerist. Öxl barnsins klemmist upp að lífbeini móður og barnið kemst þar af leiðandi ekki í heiminn án aðstoðar. Axlarklemma er að sögn margra sem að málinu koma ein versta martröð fæðingarlækna og ljósmæðra. Þegar ljóst er að barnið situr fast er lítt til tími til aðgerða og það þarf að hafa hraðar hendur til að koma í veg fyrir súrefnisskort hjá barninu. Ein af viðurkenndum aðferðum til að kljást við axlarklemmu í fæðingu og sem mest er notuð hér á landi er svokölluð McRoberts-aðferð. Hún felst m.a. í því að gera stóran spangarskurð og reyna svo að opna grind móður eins mikið og hægt er með því að láta hana draga fætur upp að höku.




McRoberts-aðferðin.

Drátt fyrir þetta getur verið að barnið verði fyrir skaða sökum axlarklemmunnar. Afleiðingar axlarklemmu geta m.a. verið viðbeinsbrot, köfnunardá (súrefnisskortur) og tímabundinn eða varanlegur tauga-skaði hjá barninu. Í verstu tilfellum jafnvel allt ofangreint eða dauði. Taugaskaðinn verður vegna þess að þegar togað er í höfuð barnsins til að koma því í heiminn þá tagnar/trosnar á taugum sem liggja

niður í handlegg barnsins eða þær jafnvel slitna með tilheyrandi lömun. Sem betur fer gengur taugaskaðinn til baka á fyrstu ævimánuðum barnsins hjá meirihluta þeirra barna sem lenda í axlarklemmu og það öðlast máttinn aftur að fullu eða mestu leyti í hinn lamaða handlegg. Minnihlutinn, sem talið er að sé u.þ.b. 10-20% barnanna, er hins vegar varanlega skaddaður, mismikið þó og á mismunandi hátt. Það stafar af því hversu margar hreyfingar er hægt að framkvæma með öxlum, handlegg og hendinni. Alvarlegasta afleiðing axlarklemmu á

Stundum eru gerðar sérhæfðar tauga-skurðaðgerðir til að reyna að lagfæra skaða af þessu tagi. Aðgerðin felst í því að tekin er taug úr fæti barnsins og grædd við hið skaddaða svæði við háls barnsins. Þessar skurðaðgerðir eru framkvæmdar um allan heim. Sænskur taugaskurðlæknir að nafni Thomas Carlstedt hefur komið hingað til Íslands af og til, skoðað börn og gert aðgerðir þegar á hefur þurft að halda. Drátt fyrir meðferð/sjúkraþjálfun og aðgerðir er þó því miður hugsanlegt að fullur bati náist ekki.



Brachial Plexus tauganetið.

taugarnar er algerlega máttvana/lamaður handleggur.

Tauganetið sem stjórnar vöðvum í öxl, handlegg, olnboga, úlnlið, hendi og fingrum kallast Brachial Plexus. Þar sem það er frekar óþjálmt að segja hefur þessi skaði verið nefndur eftir tilvikinu í fæðingunni. Áverkar á Brachial Plexus kallast því líka axlarklemma.

### Markviss sjúkraþjálfun og skurðaðgerðir

Mjög fljótlega eftir að ljóst er að barn hefur hlotið einhverja áverka á Brachial Plexus í fæðingu er nauðsynlegt að hefja markvissa sjúkraþjálfun. Sjúkraþjálfunin sem slík lækna ekki en kemur í veg fyrir að vöðvar stífni og að höndin kreppest og „festist“ í slæmri og óeðlilegri stöðu. Aðeins tíminn getur leitt í ljós hve mikil sköddunin er og hversu mikinn mátt barnið fær aftur í handlegginn.

### Skráningu ábótavant

Opinberri skráningu á axlarklemmutilfellum er ábótavant þó að hún hafi vissulega batnað til muna undanfarin ár og því er ekki vitað með vissu hve margir einstaklingar á Íslandi eru með varanlega taugaáverka vegna axlarklemmu.

**„VIÐ Í FÉLAGINU ERUM NOKKURS KONAR STUÐNINGS AÐILAR FYRIR FORELDRA BARNNA SEM FÆÐAST MEÐ AXLAR-KLEMMU.“**



# UNGMENNI MEÐ LANGVINNAN HEILSUVANDA OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA

## TRYGGJA ÞARF AÐGENGILEGA OG SAMFELLDRA HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Því miður er víða pottur brotinn hvað varðar verklag við yfirfærslu ungmenna bæði hérlendis og erlendis. Rannsóknir hafa sýnt að illa skipulögð og tilviljunarkennd yfirfærsla getur haft mjög neikvæð áhrif á líðan ungmenna og fjölskyldur þeirra og auknar líkur eru á að þau nýti sér ekki heilbrigðisþjónustu.

Viðmælendur síðasta tölublaðs Umhyggju (t.tbl. 16 árg. 2012), lýstu áhyggjum sínum af núverandi stöðu vegna yfirfærslu ungmenna af barnasviði yfir á fullorðinsvið á Landspítala. Samkvæmt því sem þar kemur fram virðist aðalvandamálið vera vegna sérgreinaskiptingar innan læknisfræðinnar og þeirrar staðreyndar að í mörgum tilfellum er enginn farvegur fyrir hendi á fullorðinsviði þegar kemur að flutningi úr heilbrigðisþjónustu barna né teymi ólíkra fagstétta sem þar taka við. Þá má heldur ekki gleyma því að ásamt því að hafa stjórn á einkennum sjúkdóma glíma ungmennin og fjölskyldur þeirra við margar þarfir og viðfangsefni en rannsóknir hafa sýnt að á þessu viðkvæma aldurskeiði er mikilvægt að uppfylla fræðsluþarfir ungmennanna, auka stuðning og takast á við kvíða þeirra og vanlíðan.

### Ungmennin með langvinna sjúkdóma

Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um fjölda ungmenna með langvinna sjúkdóma hér á landi en ætla má að hann skipti hundruðum ef ekki þúsundum.

Meðal þessara sjúkdóma eru heila- og taugasjúkdómar, sykursýki, krabbamein, liðagigt, meðfæddur ónæmisgalli, meltingarfærasjúkdómar, astmi og ofnæmi, slímseigjusjúkdómur, nýrnasjúkdómar, meðfæddir hjartagallar og aðrir meðfæddir gallar.

Samkvæmt núgildandi lögum eiga íslensk ungmenni með langvinna sjúkdóma að flytjast yfir í heilbrigðisþjónustu fullorðinna þegar þau verða 18 ára. Unglingar og ungmenni með langvinna sjúkdóma ganga í gegnum miklar breytingar á líkama og sál á árunum 14-25 ára eins og heilbrigðir jafnaldrar þeirra, en þau þurfa einnig að takast á við breytingar í heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að ungmennin hafi náð ætluðum þroska og getu til að taka ábyrgð á eigin heilsufari en eftir að heilbrigðisþjónustu á barnadeildum sleppir er gert ráð fyrir að ungmennið axli ábyrgð á heilsuvanda sínum. Því hefur gjarnan verið haldið fram að þroskaverkefnum unglingsáranna sé lokið við 18 ára aldur en tæknilegar framfarir hafa sýnt að ungmenni ná ekki fullum vitsmuna- og tilfinningaþroska fyrr en um 25 ára aldur. Einnig hafa margir langvinnir sjúkdómar hjá börnum og unglíngum áhrif á taugafræðilega virkni sem liggur að baki þroska rökréttar hugsunar, auk þess að hafa áhrif á vöxt og kynþroska, sálfélagslega aðlögun og vellíðan. Má í því sambandi nefna fjölfötluð ungmenni með flókin vandamál en

foreldrar þeirra og forráðamenn standa oft frammi fyrir miklum vanda þegar börnin þeirra nálgast fullorðinsár.

### Viðhorf og þarfir langveikra ungmenna og fjölskyldna þeirra

Þegar rannsóknir sem byggðar eru á viðtölum við ungmennin og lúta að viðhorfum ungmennanna til yfirfærslunnar eru skoðaðar, hefur komið í ljós að hún veldur mörgum áhyggjum og kvíða og þá aðallega vegna þess að þau standa frammi fyrir því að yfirgefa heilbrigðisstarfsfólk sem hefur sinnt þeim í langan tíma og vegna óvissunnar um það sem tekur við. Þá hefur komið fram að ungmennin kvíða því að þurfa að gera ítarlega grein fyrir heilsufarssögu sinni og þau hafa áhyggjur af því að ekki sé þekking á sjúkdómi þeirra og þeim vandamálum sem honum fylgja í heilbrigðisþjónustu fullorðinna. Þá óttast þau að sá sveigjanleiki sem er til staðar í heilbrigðisþjónustu barna vegna viðburða í skóla- og félagslífi, til dæmis próf og ferðalög, verði ekki til staðar í heilbrigðisþjónustu fullorðinna.

Líkt og ungmennin hafa foreldrar einnig myndað samband við starfsfólk í heilbrigðisþjónustu barna. Þau kvíða því einnig að þurfa að sleppa takinu af ungmenninu sínu sem hefur þurft stuðning foreldra sinna til margra ára. Í heilbrigðisþjónustu fullorðinna er að öllu jöfnu ekki gert ráð fyrir því að foreldrar taki jafn mikinn þátt og þau tóku í heilbrigðisþjónustu barna sinna og þeim finnst þau vera utanveltu þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Foreldrar hafa einnig áhyggjur af því að þjónustan sem þörf er á, sé ekki fyrir hendi.

Rannsóknir hafa sýnt að starfsfólk í heilbrigðisþjónustu barna á erfitt með að



Elísabet Konráðsdóttir.

sleppa takinu eftir langt og jafnvel náið meðferðarsamband við ungmennið og fjölskyldu þess. Starfsfólki í heilbrigðisþjónustu barna hættir einnig til að beina upplýsingum og fræðslu til foreldra sem getur hindrað ungmennið í að öðlast fullnægjandi sjálfsmyndunarfærni. Á hinn bóginn hefur verið sýnt fram á að starfsfólk í fullorðinsþjónustu finni fyrir óöryggi gagnvart fjölskyldu ungmennanna. Í heilbrigðisþjónustu fullorðinna hefur löngum verið veitt einstaklingsmiðuð þjónusta og síður verið tekið tillit til þarfa fjölskyldunnar. En með innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á Landspítala, sem hefur átt sér stað á liðnum árum, verða áherslur umönnunar skjólstæðinganna og fjölskyldna þeirra þær sömu, hvort heldur sem er á barna- eða fullorðinsviði.

### Dættir sem geta stuðlað að árangursríkri yfirfærslu

Eins og fram hefur komið getur yfirfærslan verið streituvaldandi. Hún kallar því á góðan undirbúning og skipulag af hálfu heilbrigðisstarfsfólks í samstarfi við ungmennið og fjölskyldu þess. Mikilvægt er að líta á yfirfærsluna sem ferli en ekki einstakan atburð. Margt bendir til þess að aldurinn einn og sér sé ekki besti mælikvarðinn á það hvenær ungmennið færast yfir í heilbrigðisþjónustu fullorðinna. Taka þarf tillit til ólíkra þarfa, þroska og getu einstaklingsins til að axla ábyrgð á heilsuvanda sínum. Einnig ber að taka mið af umhverfi ungmennis og fjölskyldu þess svo og þekkingu og hversu reiðubúin heilbrigðisþjónusta fyrir fullorðna er til að mæta þörfum ungs fólks sem er á viðkvæmu aldurskeiði.

Draga má úr óöryggi og kvíða ungmennanna vegna yfirfærslunnar með því að undirbúa ungmennið og fjölskyldu þess tímanlega. Ýmsir verkferlar hafa verið lagðir fram í þeim löndum sem við viljum gjarna bera okkur saman við. Lagt er til að samhæfingaraðili, einstaklingur sem fjölskyldan treystir og hefur tengst meðferðarsambandi, tryggi samfelli í þjónustu með fræðslu og stuðningi við ungmennið og fjölskyldu þess. Viðkomandi samhæfingaraðili veitir eftirfylgd eftir flutning og tryggir að yfirfærsla takist vel. Hjúkrunarfræðingar eru vel í stakk búnir til að taka að sér hlutverk samhæfingaraðila. Deir verja miklum tíma með skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra, tengja saman margar starfsstéttir og eru málsvavar skjólstæðinganna gangvart þeim. Í flestum verkferlum er einnig hvatt

til þess að hefja yfirfærslu með nokkurra ára undirbúningi. Dannig hefur Royal Collage of Nursing (2004) gefið út leiðbeinandi verkferla sem miða að því að undirbúa ungmenni með langvinna sjúkdóma fyrir fullorðinsárin með fræðslu og stuðningi. Nokkur viðfangsefni eru tekin fyrir: (1) að ungliturinn eða ungmennið sé sinn eigin málsvari, (2) sjálfstæð heilbrigðishegðun; að ungmennið þekki sjúkrasögu sína og þarfir sínar (3) kynheilbrigði; skoðað út frá heilsuvanda (4) sálfélagslegur stuðningur (5) áætlun um nám og starf og (6) heilsa og lífstíll, umræða um áhættuhegðun og áhrif á heilsuvanda. Markmiðið er að auka sjálfstæði ungmennanna, að þau geri sér grein fyrir heilsutengdum þörfum sínum og hvaða áhrif heilsuvandinn hefur á þau. Leggja skal áherslu á að ungmennið geti orðið

## „MARKMIÐIÐ ER AÐ AUKA SJÁLFSTÆÐI UNGMENNANNA, AÐ ÞAU GERI SÉR GREIN FYRIR HEILSUTENGDU M ÞÖRFUM SÍNUM.“

sinn eigin málsvari þannig að óskir þess og þarfir fyrir þjónustu séu í forgrunni. En ekki má gleyma því að nokkur hópur ungmenna með flókinn heilsuvanda mun ávallt þurfa að reiða sig á fjölskyldu sína og þeim fjölskyldum þarf að huga sérstaklega vel að.

Aðrir þættir sem stuðlað geta að betri yfirfærslu eru að haldið sé utan um ferlið eins og lög um rafræna sjúkraskrá gera ráð fyrir. Yfirfærsla sem byggð er á óformlegum samskiptum milli einnar stéttar heilbrigðisstarfsmanna er líkleg til að mistakast. Hér eins og víða annars staðar í verkferlum sjúkrahúsa gildir að samvinna ólíkra fagstétta skilar skjólstæðingunum bestum árangri og því þarf að leita allra leiða til að stofna til teymisvinnu með aðkomu flestra heilbrigðisstétta sem þannig auðveldar og bætir yfirfærsluferlið.

Meðan á yfirfærslutímabilinu stendur getur verið gagnlegt að bjóða ungmenninum upp á tíðari samskipti við heilbrigðisstarfsfólk vegna fræðslu og ráðgjafar og huga þarf að sveigjanlegum göngudeildarviðtölum, til dæmis seinnipart dags. Degar kemur að hinni eiginlegu yfirfærslu er mikilvægt að bjóða ungmenninu og fjölskyldu þess á fund með lykilstarfsmönnum viðkomandi teymis í barnaþjónustunni ásamt því teymi sem við tekur. Á slíkum fundi er hægt að miðla mikilvægum upplýsingum um heilbrigðisþjónustu fullorðinna. Þá hefur verið bent á gildi þess að aðgengilegar upplýsingar um þjónustuna sé að finna á heimasíðu spítalans.

Á starfsárinu 2012-2013 er eitt af meginverkefnum á Landspítala að auka öryggi sjúklinga og vinna að umbótum í verkferlum. Eitt af meginverkefnum í fagráði barnahjúkrunar í samstarfi við hjúkrunarfræðinga á göngudeild barna þetta starfsár, er að greina vandkvæði vegna yfirfærslunnar og að vinna að leiðum til úrbóta. Þá hefur Hildur Helgadóttir hjúkrunarfræðingur leitt vinnu við að endurskoða yfirfærsluferli fyrir fjölfötluðu ungmennin. Þessi vinna er nú vel á veg komin og fyrir dyrum stendur að flytja nokkur ungmenni yfir í fullorðinsþjónustuna samkvæmt nýju verklagi.

Nú er kjörið tækifæri til að vinna markvisst og skipulega að því að bjóða þeim stóra hópi ungs fólks með langvinnan heilsuvanda og fjölskyldum þeirra upp á fyrirmyndar heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að vanda vel til verka og viðhafa fagleg vinnubrögð svo hægt sé að auka gæði þjónustunnar og um leið öryggi skjólstæðinganna.

### SÖFNUÐU FYRIR UTAN ICELAND



Upp úr miðjum ágúst í sumar tóku tvær duglegar stúlur þá ákvörðun að sagna peningum fyrir Umhyggju og gerðu þær það fyrir utan verslunina ICELAND. Stelpurnar heita **Sara Lind Guðmundsdóttir** og **Kristín Una Hólmarsdóttir** og eru þær báðar ellefu ára gamlar. Umhyggja þakkar hugulsemi stelpanna.

# HESTURINN

## ÞARFASTI ÞJÓNNINN OG **BESTI** VINURINN

Í Mosfellssveit eru haldin hestanámskeið fyrir fatlaða krakka. Dauð skemmta sér vel og njóta útivistar í fallegu umhverfi auk þess sem þau læra að umgangast hestana og stýra þeim. Hreyfingar hestsins eru afar góðar fyrir krakkana, ekki síst þau sem eru í hjólastól. Það eru þær Berglind Árnadóttir og Auður Sigurðardóttir, báðar kennarar, sem sjá um námskeiðin.

Ég hafði unnið á Reykjalundi í mörg sumur hjá Gunnu í Dalsgarði," segir Berglind Árnadóttir kennari en hún stendur fyrir námskeiðum á vegum Hestamenntar. „Þar voru hestar fyrir sjúklingana og ég fór með þá í reiðtúra. Ég lærði þannig snemma á fjölbreyttar leiðir til aðstoðar. Þegar farið var að draga úr þessari þjónustu á Reykjalundi var ákveðið að bjóða upp á reiðnámskeið fyrir fatlaða þá daga sem sjúklingarnir komu ekki. Við bættust ýmis sambýli og alltaf fjölgaði krökkum sem vildu koma á reiðnámskeið.“

Eins og gengur vantar alltaf peninga til að halda úti svona starfsemi og til að reyna að afla meira fjár var einnig boðið upp á námskeið fyrir ófötluð börn hálfan daginn.

„Við fluttum okkur niður í hesthúsa-hverfið að Varmárbökkum í Mosfellsbæ og ég hélt áfram að vera með fötluð börn hálfan daginn og ófötluð hinn helminginn. Á hverju ári þurfti að skrifa bréf í allar áttir til að afla styrkja en það gekk misvel. Þetta er dýr starfsemi því oftast nær þarf hvert barn einn til þrjá aðstoðarmenn. Fyrir nokkrum árum hætti ég svo alveg að vera með námskeið fyrir fatlaða því byrjað var að byggja reiðhöll við hliðina á svæðinu þar sem ég er og ekki hægt að bjóða upp á námskeiðin á meðan þar sem mikill hávaði og læti fylgdu byggingunni," segir Berglind.

„Það stóð alltaf til að hafa starfsemi fyrir fatlaða í þessari reiðhöll svo að haustið 2010 var sett á laggirnar nefnd í hestamannafélaginu Herði hér í Mosfellsbæ og henni falið að koma af stað námskeiðum fyrir fatlaða. Í nefndinni er ótrúlega duglegt fólk sem hefur lagt á sig mikla vinnu til að láta þetta ganga upp. Nefndin fékk okkur Dórhildi Dórhallsdóttur, sem einnig

er kennari og hinn helmingur Hestamenntar, til að hefja samvinnu við nefndina og sjá um námskeið fyrir krakkana. Við byrjuðum svo með námskeiðin í fyrrahaust og hefur þetta gengið mjög vel. Fjármögnunin er auðvitað alltaf erfið því þetta er dýrt. Sem dæmi má nefna að það þarf sérstaka hnakka og annan útbúnað fyrir þátttakendurna og við getum mest verið með þrjá til fjóra krakka í einu, færri en þegar um ófatlaða krakka er að ræða.

### Styrktaraðilar og sjálfböðavinna

Nú erum við með fjóra hópa og í hverjum hópi eru að minnsta kosti þrír fullorðnir og einn til tveir unglingar til aðstoðar, flestir í sjálfböðavinnu. Þetta er ómetanleg aðstoð að sögn Berglindar. Meðal þeirra sem hafa styrkt okkur eru Sorpa/Góði hirðirinn sem hafa verið afar rausnarleg og gert okkur kleift að láta sérsmiða hnakka og reiðtygi sem henta betur fyrir nemendurna. Einnig fengum við styrki frá samfélagssjóði Landsbankans, Norvik og

Pokasjóði sem hefur gert okkur kleift að efla og halda starfinu áfram. Ekki má gleyma Helluskeifum, Jóni heysala og Feng sem hjálpa okkur svo við getum mætt kostnaði af því að hugsa um hestana. Hestarnir sem notaðir eru þurfa að hafa einstaka lund og ekki er sjálfgefið að við höfum aðgang að þeim. Gaman er að segja frá því að margir félagsmenn í Herði sýna þessu starfi mikinn áhuga og skilning og til dæmis smíðaði Magnús Ingi Músson sérstaka lyftu, okkur að kostnaðarlausu, og setti hana upp í reiðhöllinni. Til þess fékk hann dygga aðstoð Frosta Richardssonar sem er í fræðslunefndinni. Þessi lyfta breytir mjög miklu þar sem við þurfum ekki lengur að lyfta þeim sem eru í hjólastól yfir á hestinn og er það alveg frábært!“

### Umhirðan skiptir máli

Hvert námskeið er fimm til átta skipti. Krakkarnir byrja á að fá kamb og kamba hestinn eftir því sem þau best geta. „Þannig læra þeir svolítið um umhirðu hestsins. Þegar búið er að bursta hestinn vel leggja þeir hnakkinn á og svo byrjum við oftast á því að kenna þeim að stjórn hestinum. Sumir eiga fullt í fangi með að halda sér á baki meðan aðrir geta meira eins og gengur. Oftast reynum við að fara út ef veður leyfir, í um klukkustundar langan reiðtúr, enda góðar og mjög fallugar leiðir allt í kringum hesthúsa-hverfið.



Hestamenntarstóllurnar Þórhildur Þórhallsdóttir og Berglind Árnadóttir sem eru með fyrirtækið Hestamennt.

Dar fyrir utan höfum við verið inni með þrautabrautir þar sem við notum keilur og hringi og þurfa krakkarnir að leysa ákveðnar þrautir á baki.

### Að styrkja leiðtogahlutverkið

